



Umsókn um skólavist í Klettaskóla

Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er við Suðurhlíð 9, 105 Reykjavík.

Skólinn er fyrir nemendur með:

- miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana
- væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun.

https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_innritun_og_utskrift_klettaskoli.pdf

Foreldrar* sækja um skólavist í Klettaskóla með því að fylla út þetta eyðublað. Umsóknir skilist til Klettaskóla hjá Reykjavíkurborg í gegnum <https://transfer.signet.is/> fyrir 1. mars ár hvert.

Með umsóknum skulu fylgja greiningargögn, skýrslur leik- eða grunnskóla nemenda og greinargerð skólajónustu sveitarfélags.

*Foreldrar teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga.

Nafn nemanda	Kennitala
Hvernig skilgreinir nemandi kyn sitt ☐ strákur ☐ stelpa ☐ kynsegin/annað	
Lögheimili	Heimasími
Nafn foreldris	Kennitala
Tengsl foreldris við nemanda ☐ móðir ☐ faðir ☐ annað _____	
Lögheimili	Póstnúmer og sveitarfélag
Netfang	Vinnusími / Farsími
Nafn foreldris	Kennitala
Tengsl foreldris við nemanda ☐ móðir ☐ faðir ☐ annað _____	
Lögheimili	Póstnúmer Sveitarfélag
Netfang	Vinnusími / Farsími



Nafn grunnskóla eða leikskóla sem nemandinn er skráður í:

Meðfylgjandi eru eftirfarandi fylgiskjöl og greiningar:

Aðrar upplýsingar:

☐ Ég hef kynnt mér fræðslu um persónuvernd sem fylgir umsókninni og hef undirritað samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi sem lýst er í fræðslu um persónuvernd.

Nauðsynlegt er að báðir foreldrar (forsjáraðilar) skrifi undir beiðnina nema þar sem foreldri fer eitt með forsjá.

☐ Undirritað foreldri (forsjáraðili) fer eitt með forsjá barns

Dagsetning og undirskrift forsjáraðila

Dagsetning og undirritun forsjáraðila

Fræðsla um persónuvernd og samþykki vegna umsóknar um skólavist í Klettaskóla

Til þess að geta unnið úr umsókn þinni um skólavist í Klettaskóla er Reykjavíkurborg nauðsynlegt að vinna með nánar tilgreindar persónuupplýsingar þínar. Unnið er með upplýsingar sem þú veitir í umsóknarferlinu auk þess sem unnið er með upplýsingar sem aflað er í umsóknarferlinu. Í samræmi við lagaskyldu varðveitir Reykjavíkurborg þessar upplýsingar ótímabundið.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 – 14, Reykjavík, er ábyrgðaraðili á vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem fram koma vegna umsóknar um skólavist í Klettaskóla

Hver er tilgangur vinnslu og grundvöllur hennar?

Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar þínar og barnsins til að leggja mat á umsókn um skólavist í Klettaskóla Vinnslan byggir á því að hún sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á Reykjavíkurborg, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og jafnframt á 2. og 3. tl. 11. gr. sömu laga. Jafnframt byggir vinnslan á samþykki foreldra/forsjáraðila barnsins, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 9. gr. og 1. tölulið 1. mgr. 11. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnslan byggir á lagaheimild sbr. 17. gr. og 18. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2018, sbr. jafnframt 47. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. jafnframt 20. gr. reglugerðar 585/2010 með síðari breytingum um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Vinnslan byggir jafnframt á samþykki foreldra þar sem fram kemur í framangreindri reglugerð að allar athuganir



skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

Veitir þú Reykjavíkurborg ekki umbeðnar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki verði hægt að afgreiða umsókn þína.

Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki sem þegar hefur verið veitt. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram hefur farið fram að þeim tíma. Hægt er að afturkalla samþykki með því að hafa senda skóla- og frístundasviði skriflega afturköllun á netfangið sfs@reykjavik.is.

Engin sjálfvirk ákvörðunartaka fer fram á grundvelli veittra upplýsinga.

Hvaða upplýsingar er unnið með?

Unnið er með eftirfarandi upplýsingar um umsækjendur:

Almennar persónuupplýsingar um foreldra og barn: Nafn, lögheimili/aðsetur, kyn, kennitala, símanúmer, netfang, tengsl forsjáraðila við barn, nafn núverandi grunnskóla/leikskóla og aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Viðkvæmar persónuupplýsingar um barnið: Greiningargögn, stuðningsáætlun / skýrslur frá leik- eða grunnskóla barnsins, gögn sem fagráð um innritun í Klettaskóla kann að kalla eftir frá leik- og grunnskóla eða skólaþjónustu, upplýsingaöflun fagráðs í vettvangsathugun, aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri í umsóknarferli.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

Öflun viðbótarupplýsinga frá leik- og /eða grunnskóla og skólaþjónustu eftir þörfum auk þess sem Reykjavíkurborg sækir grunnupplýsingar um umsækjanda til Þjóðskrár.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Persónuupplýsingar þínar og nemandans eru geymdar ótímabundið á grundvelli lagaskyldu er hvílir á Reykjavíkurborg. Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með til varðveislu.

Hvernig tryggjum við öryggi persónuupplýsinganna?

Reykjavíkurborg gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ. á m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga umsækjanda er bundið þagnarskyldu.

Miðlun persónuupplýsinganna

Í fagráði um innritun í Klettaskóla sitja skólustjórnendur, fulltrúi frá skólaþjónustu, auk verkefnisstjóra á fagskirkstofu grunnskóla á skrifstofu skóla- og frístundasviði.

Að tilgreindum tíma liðnum er Reykjavíkurborg skylt að afhenda Borgarskjalasafni öll gögn sem unnið er með í tengslum við umsóknina til varðveislu. Reykjavíkurborg mun að öðru leyti ekki miðla persónuupplýsingum þínum til annarra aðila nema borginni sé slíkt skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun Reykjavíkurborg ekki miðla persónuupplýsingum þínum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og án þess að upplýsa þig um slíkt.

Réttindi þín

Þú kannt að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem Reykjavíkurborg vinnur með í tengslum við umsókn þína. Þá kannt þú að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingarnar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að þú eða þriðji aðili fái upplýsingar afhentar á tölvulesanlegu formi. Nánari upplýsingar um þessi réttindi þín má finna í persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á vefsíðu Reykjavíkurborgar, sjá hér: <https://reykjavik.is/personuverndarstefna-reykjavikurborgar>

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga

Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar. (www.personuvernd.is).

Til að uppfylla skyldur okkar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla þarf að afla samþykkis foreldra áður en athuganir verða gerðar á barninu.



- ☐ Ég veiti heimild fyrir því að fagrað kalli eftir frekari upplýsingum um barnið frá leik- eða grunnskóla barnsins gerist þess þörf.
- ☐ Ég veiti heimild fyrir því að fagrað kalli eftir frekari upplýsingum um barnið frá skólaþjónustu barnsins gerist þess þörf.
- ☐ Ég veiti heimild fyrir því að fulltrúi fagraðs afli upplýsinga um viðhorf barnsins sjálfs til niðurstaðna mats á stöðu í námi og aðstæðum í núverandi leik- eða grunnskóla.

Ég staðfesti að ég hef kynnt mér efni þetta og veiti samþykki mitt fyrir framangreindri vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi sem að ofan er lýst.

Dagsetning og undirskrift forsjáraðila

Dagsetning og undirritun forsjáraðila